

10. Hagnýtar upplýsingar um skólastarf

10.1 Opnunartími skólans

Ölduselsskóla opnar kl. 7:45 og er hann þá opinn fyrir alla nemendur. Gæsla er fyrir 1.-4. bekk í heimastofum þeirra frá 7:45 til 8:30.

10.2 Símanúmer og netfang skólans

Sími skrifstofu: **411 7470** - Fax: **411 7471**

Á skrifstofu Ölduselsskóla starfa skrifstofustjóri og ritari. Þar er meðal annars tekið við forfallatilkynningum og öðrum erindum og skilaboðum komið áleiðis.

Sími Sundlaugar Ölduselsskóla: 411-7480.

Sími Íþróttahús Seljaskóla: 557-7053

Netfang: www.olduselsskoli@reykjavik.is

Heimasíða <http://www.olduselsskoli.is/>

Á heimasíðu skólans má finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið. Meðal annars starfsáætlun skólans.

10.3 Forfallatilkynningar (veikindi, leyfi)

Veikindi skulu forráðamenn eða aðstandendur tilkynna samdægurs fyrir klukkan 8:30 og síðan daglega meðan nemandi er veikur á skrifstofu skólans í síma 411-7470. Einnig er hægt að tilkynna veikindi í gegnum foreldraaðgang Mentors og á netfang skólans olduselsskoli@reykjavik.is.

10.4 Bókasafn/tölvuver

Á skólasafni er skipulögð fræðsla fyrir nemendur í 2. – 7. bekk. Á hverri önn eru tveir árgangar að vinna þemaverkefni sem felur í sér fræðslu um hvernig nota skal bókasöfn til að afla heimilda. Þá er kynnt fyrir nemendum hvernig fræðibókum er raðað eftir Dewy kerfinu.

Skólasafnið hefur tekið saman tenglasafn á heimasíðu skólans, sjá Upplýsingasetur. Markmið tenglasafnsins er að auðvelda nemendum og kennurum að nálgast áreiðanlegar heimildir.

Að öllu jöfnu er safnið opið mánudaga til föstudaga frá kl. 8.10-15.00.

10.5 Mötuneyti

Við skólann er mötuneyti. Nemendur mæta í hádegisverð í þremur hópum. Matseðill er ákveðinn fyrir einn mánuð í senn og er hann birtur á heimasíðu skólans. Foreldrar skrá börn sín í mötuneyti gegnum Rafræna Reykjavík, þjónustuvef Reykjavíkurborgar. Þegar barn er skráð í fyrsta sinn í mötuneyti þurfa foreldrar að láta skólanum í té upplýsingar um greiðslumáta með undirskrifuðum samningi.

Nánari upplýsingar, m.a. gjaldskrá má finna á heimasíðu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

10.6 Viðtalstímar kennara

Viðtalstímar kennara fara eftir samkomulagi.

10.7 Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Því miður gerist það af og til að nemendur meiða sig í skólanum. Stundum er um svo alvarleg meiðsl að ræða að leita verður læknis. Af hálfu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur gilda sérstakar reglur um greiðslu kostnaðar af þessu tagi.

Reglurnar eru þessar:

Skóla- og frístundasvið greiðir reikninga vegna komu nemenda á slysadeild vegna meiðsla sem orðið hafa í skóla eða á skólalóð á skólatíma og í ferðum/ferðalögum á vegum skóla. Aðeins er um tvær fyrstu komur að ræða. Reikningar vegna stoðtækja eru ekki greiddir. Kostnaður vegna flutnings nemenda milli skóla og slysadeildar er greiddur.

Tjón á eigum nemenda, s.s. fatnaði, gleraugum o.þ.h. er ekki bætt nema það verði rakið til mistaka eða sakar starfsmanna Reykjavíkurborgar sem við skólann starfa, eða vegna vanbúnaðar skólahúsnæðisins. Tannviðgerðir á nemendum tilkomnar vegna slysa í skóla eða á skólalóð á skólatíma eru endurgreiddar foreldrum að hluta af Tryggingastofnun ríkisins. Það sem eftir er greiðir borgarsjóður, þó ekki hærrí upphæð en kr. 100.000,00 vegna einstaks slyss.

10.8 Fatnaður og óskilamunir

Í skólanum er reynt að safna saman öllum óskilamunum sem til falla í skólanum. Á hverju ári safnast saman mikið magn slíkra muna. Oftast er um að ræða fatnað af ýmsu tagi, þar á meðal vandaðar og óslitnar flíkur nemenda bæði úr yngri og eldri deildum. Ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda skila sér ekki heim að loknum skóladegi eru foreldrar vinsamlegast beðnir að snúa sér til skólaliða, umsjónarmanns eða skrifstofu skólans. Einnig skal áréttað mikilvægi þess að merkja greinilega allan fatnað sem og skófatnað nemenda, íþróttafatnað, utanyfirflíkur og töskur. Í lok skólaárs er ósóttur fatnaður gefinn til Rauðakrossins eða settur í fatagáma endurvinnslustöðva.

10.9 Frímínútur – gæsla

Skólinn leitast við að halda úti viðunandi gæslu í frímínútum. Allt að 6 starfsmenn eru úti með börnunum og í sumum tilfellum fleiri. Hlutverk starfsmanna er að vera börnunum til halds og trausts og leitast við að koma í veg fyrir árekstra.

10.10 Íþróttahús/sundlaug

Við Ölduselsskóla er bæði sundlaug og íþróttasalur. Íþróttasalurinn er fjölnota salur þar sem hann er einnig notaður sem matsalur skólans. Íþróttasalurinn er frekar lítill eða 258,2 m². Nemendur á unglíngastigi sækja íþróttatíma í íþróttahús Seljaskóla.

Sundlaug skólans er kennslulaug sem er útilaug að stærðinni 10x16m og er hún dýpst 1,10 metrar.

10.11 Skápar fyrir nemendur

Í skólanum eru læsanlegir geymsluskápar sem nemendur unglingsaldar hafa afnot af. Nemendum er úthlutað skáp að vori hjá umsjónarkennara. Nemendur þurfa sjálfir að koma með lás á skápinn. Týni nemendur lykli eða af einhverjum ástæðum geta ekki opnað skápinn sinn mun umsjónarmaður klippa í sundur lás til að hægt sé að komast inn í skáp. Sá kostnaður sem fellur til vegna þessa fellur á nemendur sjálfa. Nemendur þurfa að losa skápa í maílok og skila skáp í sama ástandi og hann fékkst að vori.

10.12 Vettvangsferðir og skólaferðalög

Hefð er fyrir því að kennarar reyni að grípa flest þau tækifæri sem bjóðast til að komast með nemendur í vettvangsferðir. Skólinn hefur takmörkuð tæk á að greiða fyrir ferðir nemenda og því eru flestar slíkar ferðir bundnar við að nemendur geti farið í vettvangsferðir með strætisvögnum eða þeir fari gangandi.

10.13 Heimanám

Heimanám er hluti skólastarfs í Ölduselsskóla. Hins vegar er lagt upp úr því að heimanám sé eins hóflegt og kostur er. Heimanám eykst eftir því sem líður á skólagönguna í takt við þroska nemenda og getu til að taka ábyrgð á eigin námi. Á yngsta stigi er áherslan á að megin hluti heimanáms sé heimalestur til að styðja við lestrarfærni nemenda.

Einstaka árgangur er með stuðning við heimanám. Þá hafa starfsmenn á yngsta stigi aðstoðað þá nemendur sem eiga erfitt með að sinna heimanámi heima t.d. vegna tungumálaörðuleika. Á stundaskrá nemenda á unglingsstigi er vinnustund þar sem þeir geta fengi aðstoð kennara.